

Fundargerð 89. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 28. ágúst kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Guðmundur Benedikt Friðriksson.

Að auki sátu fundinn Valgerður Rún Benediktsdóttir sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Hugrún Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Stefán Aspar Stefánsson var fjarverandi. Valgerður Rún Benediktsdóttir vék af fundi kl. 13:00

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA

Fundargerð 88. fundar verkefnisstjórnar samþykkt samhljóða.

2. Skipan í verkefnisstjórn - 2210013SA

Verkefnisstjóri fór yfir að Guðmundur B. Friðriksson, starfsmaður Reykjavíkurborgar, kemur inn tímabundið í stað Friðriks Klingbeil Gunnarssonar þar til niðurstaða er fengin um nýjan stjórnarmann. Stefán Aspar Stefánsson var áður starfsmaður sveitarfélagsins Hornarfjarðar og er nú komin til Austurbrúar, landshlutasamtaka sveitarfélaga á Austurlandi, situr áfram í verkefnisstjórninni. Til umræðu kom að endurskoða þyrfti varamenn í stjórn þar sem sumir þeirra hafa skipt um starfsvettvang og að æskilegt væri að virkja varamenn frekar. Boða mætti varamenn á fundi verkefnisstjórnar í ákveðnum tilfellum og jafnvel halda opna fundi fyrir áhugasamt sveitarstjórnarfólk.

Verkefnisstjórn telur þörf á að yfirfara skipan varamanna verkefnisstjórnar og telur æskilegt að fulltrúar í verkefnisstjórn þekki vel til málaflokksins og að þeir komi úr sem flestum landshlutum.

3. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Verkefnisstjóri, sem jafnframt á sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs, fór yfir að skipunartími stjórnar Úrvinnslusjóðs er runninn út og óskað hefur verið eftir nýjum fulltrúa frá sambandinu, sbr. bréf dags. 26. júní, auk þess sem ráðning nýs framkvæmdarstjóra sjóðsins er í ferli. Sjóðurinn hefur nýlega stofnað hagsmunaráð sem stjórn Úrvinnslusjóðs fundar með reglulega auk þess sem fenginn hefur verið ráðgjafi til að skoða söfnun og meðhöndlun á fernum. Komið hefur í ljós að ekkert sveitarfélag hefur fengið greitt vegna söfnunar á víðavangi. Einnig sagði verkefnisstjóri frá því að bakhópur sveitarfélaga um

framleiðendaábyrgðarkerfið fundaði nýlega og óskaði eftir því að sambandið myndi ræða kostnaðarmyndun sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs á vettvangi fjármálastjóra sveitarfélaga. Hópurinn taldi þörf á aukinni yfirsýn yfir kostnaðarpætti og kortlagningu þeirra.

Daníel Gunnarsson, sérfræðingur hjá Úrvinnslusjóði, kom inn á fundinn og kynnti nýja gátt sem sjóðurinn hefur sett upp á vefsíðu sinni til að birta greiðslur vegna sérstakrar söfnunar niður á sveitarfélög. Fyrstu greiðslur sjóðsins til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar bárust í júlí, alls 140 m.kr. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa sent áskorun til ráðherra varðandi aukna kostnaðarhlutdeild Úrvinnslusjóðs vegna söfnunar og annarrar meðhöndlunar á vörum og umbúðum sem bera framlengda framleiðendaábyrgð, sbr. framlagt bréf dags. 11. júlí.

Úrvinnslusjóður byggir kostnaðarpátttöku sína á upplýsingum frá skráðum þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs, þ.e. í flestum tilfellum þeim verktökum sem sjóðurinn skiptir við, en hefur jafnframt óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um magn og kostnað vegna sérstakrar söfnunar. Í einhverjum tilfellum hafa upplýsingar frá þjónustuaðilum ekki borist Úrvinnslusjóði svo að sum sveitarfélög hafa ekki enn fengið greitt fyrir sérstaka söfnun. Sjóðurinn hefur jafnframt byggt kostnaðarpátttöku sína vegna sérstakrar söfnunar á greiningum á samsetningu úrgangs í ílátum við heimili, á grenndarstöðvum og söfnunarstöðvum. Niðurstöður greininga fyrir höfuðborgarsvæðið liggur fyrir en verið er að vinna að greiningum víðar um landið, m.a. á Norðurlandi. Sambærilegar kannanir liggja ekki til grundvallar öðrum greiðslum sjóðsins.

Verkefnisstjórn óskar eftir að sambandið hrindi af stað með formlegum hætti verkefni um kostnað sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Annarsvegar um kortlagningu á raunkostnaði og -tekjum sveitarfélaga vegna málaflokksins og hinsvegar um gerð tillögu að bókhaldslyklum fyrir meðhöndlun úrgangs með það að markmiði að staðla utanumhald á raunkostnaði og -tekjum sveitarfélaga.

Verkefnisstjórn fagnar því að Úrvinnslusjóður hefur gert upplýsingar um greiðslupátttöku sjóðsins vegna sérstakrar söfnunar aðgengilegar. Vel myndi fara á því að sambærilegt aðgengi yrði að upplýsingum um aðra greiðslupátttöku sjóðsins, þ.e. vegna flutnings úrgangs, ráðstöfun og söfnunar á víðavangi. Stjórnin leggur áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélög geti sannreynt að kostnaðarpátttaka Úrvinnslusjóðs sé til samræmis við upplýsingar um kostnað vegna sérstakrar söfnunar og magntölur sem þau hafa undir höndum. Einnig að gjaldskrá vegna sérstakrar söfnunar verði uppfærð eftir því sem betri mynd fæst á raunkostnað sveitarfélaga vegna breytinga á sérstakri söfnun sem eru að verða hjá flestum sveitarfélögum vegna laga 103/2021. Ef horft er til nýlegra útboða sveitarfélaga á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs þá er kostnaður vegna málaflokksins að hækka og það í sumum tilfellum verulega.

4. Minnisblað verkefnishóps um framkvæmd sérsöfnunar á textíl - 2301049SA

Ísól Fanney Ómarsdóttir sérfræðingur hjá SORPU bs. kynnti drög að minnisblaði verkefnahóps um framkvæmd sérsöfnunar og meðhöndlunar textílúrgangs sem verkefnisstjórnin setti á laggirnar í vor. Vinnan hópsins er í ljósi nýlegrar lagalegrar skyldu sveitarfélaga til að sérsafna textílúrgangi og breyttrar stöðu góðgerðarfélaga við söfnun slíks úrgangs til fjáröflunar og mannúðarmála.

Umræðu frestað til næsta fundar.

5. Ný reglugerð um meðhöndlun úrgangs - 2211036SA

Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur sambandsins, fór yfir reglugerð um meðhöndlun úrgangs sem gefin var út 25. júlí sl. Sambandið vann umsögn um drögin að reglugerðinni þegar þau komu inn í samráðsgátt stjórnvalda í desember 2022 og funduðu fulltrúar sambandsins með fulltrúum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins nokkrum sinnum um reglugerðina síðasta vetur og vor. Ljóst er að sjónarmið sambandsins hafa í takmörkuðu mæli ratað inn í reglugerðina.

Verkefnisstjórnin telur að tækifæri til að skerpa betur á ábyrgð og skyldum þeirra aðila sem fara með meðhöndlun úrgangs hafi ekki verið nýtt sem skyldi með útgáfu reglugerðarinnar. Verkefnisstjórnin óskar eftir því að sambandið, í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, kynni reglugerðina á sveitarstjórnarstiginu og vinni jafnframt að því að Handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga, sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með, verði uppfærð í takt við ákvæði nýju reglugerðarinnar.

6. Umræður um verkefni framundan - 2210013SA

Fulltrúar verkefnisstjórnar sögðu frá helstu málum á sínum svæðum.

7. Önnur mál - 2009111SA

Fram kom að skipaður hefur verið stýrihópur að frumkvæði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um athugun á uppbyggingu tveggja brennslustöðva á landinu, þ.e. fýsileika þess að byggja upp eina brennslu fyrir sunnan og aðra fyrir norðan. Vinna stýrihópsins yrði framhald á forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar en skýrsla þess verkefnis var gefin út í desember 2021.

Næsti fundur verkefnisstjórnar fyrirhugaður þriðjudaginn 26. september kl. 10:30-12:30 og verður fundurinn fjarfundur.

Fundi var slitið kl. 14:30

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson

Guðmundur Benedikt Friðriksson